Heimild til uppskeru skeldýra

Sýni eru tekin samtímis af sjó og skeldýrum af ræktunar- / veiðisvæði af framleiðanda. Sjósýni er tekið á sama stað og sýni af skel. Uppskera er heimil frá og með sýnatökudegi en ekki má setja skel á markað fyrr en niðurstöður þörungaeitursgreininga liggja fyrir og afturvirk uppskeruheimild hefur verið gefin út. Svæði er þá lýst opið til uppskeru frá og með sýnatökudegi.

Þegar niðurstöður greininga á þörungaeitri og niðurstöður talninga á eitruðum þörungum liggja fyrir er gefin út afturvirk heimild til uppskeru og er sendur tölvupóstur til framleiðanda með tilkynningu þar um og afrit af niðurstöðum fylgir. Heimildin til uppskeru gildir þá frá sýnatökudegi og gildir hún í viku frá þeim degi sem niðurstöður þörungaeiturs bárust. Það er jafnframt tilkynnt að markaðssetning sé ekki heimil fyrir en að niðurstöður liggja fyrir. Niðurstöðurnar sýna að skelin sem var uppskorin frá sýnatökudegi og að þeim degi sem niðurstöður liggja fyrir ætti að vera örugg. Ef niðurstöður greininga eitruðum þörungum og á eitri frá öðrum svæðum í nágrenninu benda til þess að hætta sé á þörungaeitri getur það haft áhrif á heimild til uppskeru.

Ef magn eitraðra þörunga er nálægt viðmiðunarmörkum þá er jafnvel óskað eftir öðru sjósýni til að sjá hver þróunin hefur verið frá þeim tíma sem skelsýni var tekið og þar til niðurstöður greininga liggja fyrir.

Hér er dæmi um einkennandi atburðarrás.

1. **Sunnudagur** - sýnatökudagur. Framleiðandi tekur sýni af sjó til greininga á eiturþörungum og af skel til þörungaeitursgreininga. Framleiðandi getur haldið til veiða/uppskeru en má ekki markaðssetja skel.

2. **Mánudagur** - sjósýni (þörungasýni) send í rannsókn hjá Hafró og skelsýni (þörungaeitur) hjá tilnefndri rannsóknastofu sbr. LST-032 (ef sjósýni eru hrein þá geta niðurstöður komið frá hafró á mánudegi). Framleiðandi getur haldið til veiða en má ekki markaðssetja skel fyrr en niðurstöður þörungaeitursgreininga liggja fyrir.

3. **Þriðjudagur** - Niðurstöður af greiningum á eiturþörungum;

   I - ef niðurstöður eru í lagi þá er heimilt að sækja skel og flytja í land til vinnslu. Framleiðandi getur haldið áfram að safna skel.

   II - ef mikil hætta er á ferðum samkvæmt niðurstöðum Hafró þá er viðkomandi látinn vita og tilkynnt um hættuástand. Jafnvel er óskað eftir að annað sýni af sjó sé tekið svo hægt sé að meta hver þróunin frá sýnatökudegi hefur verið. Hugsanlega er tilkynnt að heimild til uppskeru verði ekki gefin út en það er háð mati MAST.

4. **Miðvikudagur** – Skelin hreinsuð og pökkuð og geymd þar til niðurstöður liggja fyrir

5. **Fimmtudagur/föstudagur** – Niðurstöður um þörungaeitur berast;

   I - ef niðurstöður eru undir viðmiðunarmörkum og engar vísbendingar um verulega aukningu á magni eitraðra þörunga þá er heimild til markaðssetningar veitt. Einnig er gefin út formleg afturvirk heimild til uppskeru. Uppskera mátti skel frá þeim degi sem sýnataka var framkvæmd.

   He**imildin gildir í ákveðinn tíma frá þeim degi sem niðurstöður þörungaeiturs lágu fyrir. Gildistími uppskeruheimildar eru háður árstíma og tegund, sbr. LBE-089.**

   II – ef eiturstyrkur er of hár þá er skelinni fargað eða sett aftur í sjó.

Uppskeruheimild er skilyrt þannig að fram fari sýnataka á sjó til greiningar á eiturþörungum samkvæmt áætlun MAST á gildistíma uppskeruleyfis og að skel sé ekki sett á markað fyrr en niðurstöður talninga á eitruðum þörungum liggi fyrir.

Tíðni sýnatöku á sjó til greiningar á eitruðum þörungum er háð árstíma, sbr. LBE-089.